
Fiskeldisfréttir

Desember 2023 2. tölublað 10. árgangur

***Ársskýrsla samfélagsverkefni
gegn spillingu 2023***

Samfélagsverkefni gegn spillingu – Ársskýrsla 2023



valdimar@sjavarutvegur.is

Fiskeldisfréttir eru nú tileinkuð Samfélagsverkefni gegn spillingu og í þessum blaði er að finna aðra ársskýrskýrslu verkefnisins sem tekur fyrir árið 2023. Hér til hliðar er hægt að sækja ársskýrslu vegna ársins 2022 og þar er jafnframt gefið stutt yfirlit yfir þróun málsins allt frá árinu 2019.

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi á tímabilinu 2017-2019 og jafnvel eftir að lögín voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga. Í byrjun ársins 2022 hófst formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu og á hverju ári á næstu árum verður í verkefnið varið hálfu ársverki.

Í viðaukum 1-5 aftast í blaðinu er stutt yfirlit yfir ferli málsins, skýrslur og greinar.

Upplýsingar um Samfélagsverkefni gegn spillingu er að finna á vefsíðunni lagareldi.is

- II -

[Valdimar Ingi Gunnarsson](http://valdimar.ingigunnarsson.is) hefur unnið við fiskeldi yfir 30 ár og komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Frá byrjun ársins 2022 hefur verið unnið við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is Best er að finna allar greinar og skýrslur er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

- II -

Best er að finna allar skýrslur og greinar sem tengjast verkefninu á sjavarutvegur.is

Málið varðar

Málið varðar vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögín voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture). Ferlið er m.a. rakið í rannsóknaskýrslunum:

- [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#)
- [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi.](#)

Ófagleg vinnubrögð

Mörg mál sem fjallað er um í Samfélagsverkefni gegn spillingu hafa ekkert með spillingu að gera en falla aftur á móti undir ófagleg og í sumum tilvikum óheiðarleg vinnubrögð. Íslandsdeild Transparency International skilgreinir spillingu eftirfarandi:

„Spilling er misbeiting á opinberu valdi til persónulegs ávinnings. Spilling þrífst þar sem eftirlit skortir, ákvarðanatáka



[Sækja hér](#)

Útgefandi:

Sjavarútvegsþjónustan ehf.
ISSN 2251 5283

Ritstjórn:

Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur

Ritstjóri:

Valdimar Ingi Gunnarsson (ábm.)
GSM 695-2269
Netfang:
valdimar@sjavarutvegur.is

Vefslóð Fiskeldisfrétta:

www.lagareldi.is

Eftirprentun og tilvitnun er heimil, sé heimilda getið.

er óljós og aðkoma og áhrif almennings eru lítil eða engin. Spillingu má fyrirbyggja með gagnsæi hvað varðar upplýsingar og gjörðir valdhafa, sem almenning getur skilið, treyst og fylgst með”.

Það ber því að taka skýrst fram að mörg mál er varða stjórnýsluna og löggjafann sem fjallað hefur verið um og mun vera gert á næstu árum hefur ekkert með spillingu að gera.

Til fjárhagslegs ávinnings

Málið hefur snúist um fjárhagslegan ávinning allt frá því að [starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) var formlega stofnaður í lok ársins 2016.

Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum, útbúin var viðskiptaáætlun þar sem svæðin voru verðmætin og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.

Þáverandi stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldis-fyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra.

Tillögur stefnumótunarhóps fóru síðan í gegnum alla stjórnýsluna án verulegra breytinga og lög um fiskeldi voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019 sem vörðuðu leiðina fyrir fyrirtæki stjórnarformananna til mikils fjárhagslegs ávinnings.

Leyfin voru verðmætin og í framhaldinu fóru þau á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur. Verðmæti leyfa jókst síðan við endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar á árinu 2020 (sjá íslensku leiðina á næstu síðu).

- II -

Margt hefur verið reynt

Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni ehf. hefur ýmislegt reynt til að vekja athygli málinu:

- **Stefnumótun:** Send gögn með athugasemdum til löggjafans, alþingismanna á Alþingi Íslendinga.
- **Opinber rannsókn:** Óskað eftir opinberri rannsókn með að senda beiðni til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, umboðsmanns alþingis og forsætisráðherra.
- **Fjölmiðlar:** Send gögn á fjölmiðla til að fá þá til að fjalla um málið og viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku.
- **Upplýsa:** Skrifað greinar í blöð til að kynna málið, samfélagsmiðlar hafa verið notaðir og jafnframt sendir tölvupóstar á markhópa til að upplýsa.
- **Rannsókn:** Þar sem ekki tókst að fá framkvæmda opinbera rannsókna hóf Sjávarútvegsþjónustan slíka rannsókn undir merkinu Samfélagsverkefni gegn spillingu í byrjun ársins 2022.

Meira á [lagareldi.is](#)

- II -

- II -

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Fyrst var komið með opinbera gagnrýni á vinnubrögðin við skipulag og uppbyggingu laxeldis í byrjun ársins 2019. Vegferðinni má skipta í þrjá áfanga:

- **Fyrsti áfangi – Beiðni um opinbera rannsókn (2019):** Gerð var athugasemd við frumvarp um fiskeldi, öllum alþingismönnum sendar ítarlegar greinagerðir um málið og auglýst í blöðum þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar. Jafnframt voru fjölmiðlar hvattir til að fjalla um málið og viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku.
- **Annar áfangi – Upplýsa (2020-2021):** Skrifadar voru fjölmargar greinar til að upplýsa um málið og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Almennt var það verklag haft að tekin voru fyrir umhverfismálin í Bændablaðinu og spillingin í Morgunblaðinu. Jafnframt var málið kynnt á samfélagsmiðlum og fjöldi tölvupósta sendur til ákveðinna markhópa.
- **Þriðji áfangi – sjálfstæð rannsókn (2022-xxxx):** Það sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði opinber rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi var ákvaðið að fara formlega í þá vinnu í upphafi ársins 2022. Vinnan hefur falist í gerð rannsóknaskýrslna, upplýsa með skrifum í fjölmiðla og senda reglulega fjöldatölvupósta til ákveðinna markhópa.


- II -

Íslenska leiðin

Allt snérist um að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi þar sem leyfin voru verðmætin

Í upphafi skal endinn skoða, sem eflaust hefur verið gert af þáverandi stjórnarmönnum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða:

- 2016**
- **Auðlindin tekin:** Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum til að tryggja sig til lengri tíma þar sem bestu svæðin eru takmörkuð og eftirsótt. Þannig er verið að koma sér í ákveðna stöðu með möguleika á fjárhagslegum ávinningi þar sem væntanleg leyfi voru verðmætin.
 - **Sett í sölubúning:** Útbúin viðskiptaáætlun þar sem eldissvæðin og framleiðsluheimildir voru verðmætin og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.
- 2017**
- **Sérhagsmunagæsla:** Þáverandi stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúa Landsambands fiskeldisstöðva og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, urðu helstu ráðgjafar stjórnvalda, og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu og væntingar voru um mikinn fjárhagslegan ávinning.
 - **Koma sínum mönnum fyrir:** Ráðinn var starfsmaður fyrir stefnumótunarhópinn með aðstöðu í ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.
 - **Hanna leikreglur:** Gefin var út stefnumótunarskýrsla með hagstæðum tillögum fyrir stjórnarformennina, með væntingum um fjárhagslegan ávinning þar sem leyfin voru verðmætin.
- 2018**
- **Vöntun á faglegu rýni:** Ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði tillögur stefnumótunarskýrslunnar inn í fiskeldisfrumvarpið og augljóslega var verið að huga að sérhagsmunum þeirra sem sömdu leikreglunnar.
- 2019**
- **Ekki tekið á öllum málum:** Alþingi Íslands tók á ýmsum málum og bætti frumvarpið verulega, stoppaði af ýmis áform og dró þannig úr væntanlegum fjárhagslegum ávinningi stjórnarformanna.
- 2020**
- **Fjárhagslegur ávinningur:** Í framhaldinu fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlenda aðila á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur. Hér er um að ræða laxeldisfyrirtækin Arnarlax, Arctic Fish og Fiskeldi Austfjarða.
 - **Heimildir auknar:** Sú breyting var gerð í áhættumati erfðablöndunar að breytt var úr framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá framleiðsluheimildir um 30%.
 - **Ný leyfi:** Rekstrarleyfum var síðan breytt úr því að gera ráð fyrir framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá verðmæti leyfa um 30%.
- 2023**
- **Tilhliðrun heimilda:** Með því að fá að tilhliðra leyfilegum lífmassa á milli svæða eins og nú er gert ráð fyrir í frumvarpi um lagareldi eykst framleiðslugeta laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila og þar með verðmæti leyfa.



Verkefni á árinu

Það hefur verið unnið að fjölmörkum verkefnum á árinu 2023, en ekki eins og lagt var upp með í byrjun ársins. Ástæður fyrir því eru nokkrar og þar vegur þyngst skrif um áhættumat erfðablöndunar á árinu. Vinnunni á árinu má skipa upp í eftirfarandi:

- Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla
- Upplýsa
- Lúsamálið
- Áhættumat erfðablöndunar
- Slysaslepping og

erfðablöndunin


- Skýrsla Ríkisendurskoðunar
- Stefnumótun og lög um lagareldi
- Rannsóknarskýrslur
- Opinber rannsókn

Leiðbeiningar til fjölmiðla

Margt sem tengist sjókvíaelði á laxi er flókið og erfitt fyrir ókunnuga að átt sig á. Það var upplýsingaóreiða og var því ákveðið að gefa út á árinu 2023 leiðbeiningar fyrir fjölmiðla. Í þessum

leiðbeiningum hefur verið að finna ítarlegar upplýsingar um ákveðin mál sem auðveldaði fjölmiðlamönnum að setja sig inn í málin. Eftirfarandi Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla hafa verið gefnar út á árinu:

- [Hlutfallið milli framleiðslumagns og hámarkslífmassa í fiskeldi.](#)
- [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar – Ferli málsins.](#)
- [Eignarhald í laxeldi á Íslandi.](#)
- [Ófrjóir laxar til að halda eldissvæðum.](#)



Sækja hér

Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla

Leiðbeiningar nr. 5. Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi

samkeppnislöndum sem fram að þess hefur verið komið sér undan að greiða.

Útbúnar voru ítarlegar leiðbeiningar fyrir fjölmiðla vegna laxalúsafársins í Patreksfirði þar sem farið var yfir aðdragandann, ástæður og afleiðingar. Í framhaldinu verður unnin rannsóknaskýrsla um laxalúsa þar sem farið verður yfir þróun mála allt frá árinu 2017 þegar skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi var gefin út.



Sækja hér

Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla

Leiðbeiningar nr. 8. Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar

- [Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi.](#)
- [Fjarlægja eldislaxa úr veiðiám – Ferli málsins.](#)
- [Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu.](#)
- [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar.](#)

Það er verið að vinna að einum leiðbeiningum til viðbótar, Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin.

Lúsamálið

Lagaleg umgjörð og skipulag eldisins var ábótavant og það var aðeins tímaspursmál hvenær alvarlegt tjón kæmi upp vegna laxalúsar. Það sem kom á óvart hve umfangsmikið tjónið var og vakt það athygli út fyrir landsteinana.

Uppbyggingin laxeldis hefur því miður snúist um í of miklu mæli að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi fyrir erlenda fjárfesta á kostnað umhverfismála.

Í laxalúsafárinu í Tálknafirði fóru laxeldisfyrirtækin Arnarlax og Arctic Fish verulega yfir strikið og framundan er kostnaðarauki vegna laxalúsar eins og í

- II -

Tölvupóstar til markhópa til að uppýsa

Eftirfarandi 15 tölvupóstar voru sendi til markhópa á árinu 2023:

- Fiskeldisfréttir og Ársskýrsla Samfélagsverkefnis gegn spillingu
- Skýrsla Ríkisendurskoðunar og beiðni sem ekki var svarað
- Lög um fiskeldi – Beiðni um opinbera rannsókn
- Lög um fiskeldi – Þöggunin og verkefni fyrir fjölmiðla
- Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla og takk fyrir að vekja athygli á málinu
- Áhættumat erfðablöndunar og fréttatilkynning Hafrannsóknastofnunar
- Eignarhald í laxeldi á Íslandi
- Ófrjórir laxar til að halda eldissvæðum
- Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi
- Fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar svarað – Áhættumat erfðablöndunar
- Fjarlægja eldislax úr veiðiám – Ferli málsins
- Fjárhagslegur ávinningur og þöggunin
- Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu
- Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar og Strandbúnaðarmálið
- Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar

Hægt er að skoða tölvupóstana og viðhengi sem þeim fylgja með að fara inn á lagareldi.is

- II -

Upplýsa

Það voru sendir tölvupóstar til fjölmargra markhóp eins og á árinu 2022. Hægt er að sjá yfirlit yfir fyrri tölvupósta í [árskýrslu 2022](#) Samfélagsverkefnis gegn spillingu.

Í tölvupóstunum er kynntur framgangur verkefnisins, tekin fyrir ákveðin mál, og á árinu 2023 voru móttakendur rúmlega 600 manns hverju sinni. Það hefur verið reynt að halda fjölda tölvupósta í hófi og voru sendir 15 póstar á árinu.

Alla tölvupósta er einnig að finna á Facebook verkefnissins, [íslenska leiðin](#). Aukin dreifing er ekki keypt lengur og hefur því samfélagsmiðilinn takmarkaða útbreiðslu.

Á árinu voru einnig skrifaðar 10 greinar í Bændablaðið og Morgunblaðið til upplýsingar um málið. Yfirlit yfir greinarannar er að finna í viðauka 5 aftast í skýrslunni.

Áhættumat erfðablöndunar

Í byrjun ársins 2023 var birt grein í Bændablaðinu undir heitinu [Áhættumat erfðablöndunar – Hvað næst?](#). Það voru ekki allir sáttir og þann 9. mars 2023 birtist [fréttatilkynning](#) á vef Hafrannsóknastofnunar undir heitinu Áhættumat erfðablöndunar útskýrt og jafnframt birti Ragnar Jóhannsson [svargrein í Bændablaðinu](#) sama dag undir sama heiti. Ragnar var þakkað fyrir að vekja athygli á málinu og í framhaldinu voru eftirfarandi svargreinar birtar í Bændablaðinu:

- [Áhættumat erfðablöndunar – Hafrannsóknastofnun verður svarað](#)
- [Lögfesta erfðablöndunar á laxi](#).
- [Áhættumatið og litlu veiðiárnar](#)
- [Áhættumatið og annarleg sjónarmið](#)
- [Áhættumatið og aðför að](#)



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

HafogVatn.is / Miðlun / Fréttir & tilkynningar / Fréttir / Áhættumat erfðablöndunar útskýrt

Áhættumat erfðablöndunar útskýrt

09. mars 2023

"Valdimar Ingi Gunnarsson fer mikinn í Bændablaðinu þann 17. febrúar 2023 í gagnrýni sinni á Áhættumat erfðablöndunar og úthlutun stjórnvalda á heimildum til sjókvíaeldis á laxi. Valdimar sakar meðal annars Hafrannsóknastofnun um að ganga erinda erlendra fyrirtækja í þeim tilgangi að tryggja íslenskum fulltrúum þeirra mikinn fjárhagslegan ávinning. Lokun fyrir laxeldi í innri hluta Ísafjarðardjúps tálkar Valdimar sem beina aðför að hagsmunum fyrirtækja í íslenski meirihlutaeigu. Valdimar fullyrðir jafnframt að áhættumatið hafi litið sem ekkert með náttúruvernd að gera og að litlu veiðiám sé fórnað til þess eins að geta veitt erlendum aðilum eldisheimildir. Hann klykkir út með því að vatna í umsögn þess eðlis að með lögfestingu áhættumatsins hafi verið gefin lagaheimild til þess að erfðablanda íslenskan lax. Valdimar ýjar jafnframt að því að annarleg sjónarmið og spilling hafi ráðið fór við úthlutun eldisheimilda. Þegar svo alvarlegar úsakanir eru lagðar fram á opinberum vettvangi gagnvart Hafrannsóknastofnun og starfsmönnum hennar, verður ekki hjá því komist að bregðast við með einhverjum hætti".

Tilvitnun er tekin úr Bændablaðinu 9. mars 2023. Lesið greinina í heild með því að [smella á pdf afrit af grein í Bændablaðinu](#) bsl. 60 ([hlekkur á blaðið í heild](#)).

[Sækja hér](#)

[íslenskum hagsmunum](#)


- [Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin](#)
- [Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur.](#)

Jafnframt var unnið að skrifum á rannsóknaskýrslunni Áhættumat erfðablöndunar, tillögur, gagnrýnin og staðan sem stóð til að birta á árinu 2023. Upphaflega var ákveðið að bita rannsóknaskýrsluna eftir að búið var að gefa út áhættumat erfðablöndunar sem átti að gera á árinu 2023 en hefur verið frestað fram yfir áramótin. Í vinnslu er frumvarp um lagareldi sem fyrirhugað er að taka fyrir á vorþingi en þar er gert ráð fyrir breytingum á áhættumati erfðablöndunar. Nú hefur verið ákveðið að bíða með birtingu rannsóknaskýrslunnar þar til lög um lagareldi hafa verið samþykkt frá Alþingi Íslendinga til að fá gott heilstætt yfirlit yfir ferli málsins allt frá árinu 2017 þegar upprunalegt [áhættumat erfðablöndunar](#) var gefið út og [skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um](#)

[stefnumótun í fiskeldi.](#)

Slysasleppingin og erfðablöndunin

Því miður fylgir laxeldi í sjókvíum slysasleppingar og þannig mun það vera áfram á meðan við stjórnnum ekki náttúruöflunum og menn koma til að vinna við kvíarnar. Það hefur þó dregið verulega úr slysasleppingum á síðustu árum og áratugum með betri búnaði



[Sækja hér](#)

og verklagi.

Það hefur verið ágreiningur um hvort og í hve miklu mæli ætti að fara í veiðiár og fjarlægja eldislax fyrir hrygningu til að koma í veg fyrir erfðablöndun. Í júlí 2023 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna [Erfðablöndun villts íslensks lax \(salmo salar\) og eldislax af norskum uppruna](#). Það kom á óvart hve mikil erfðablöndun mældist sem gefur e.t.v. til kynna að meira hafi verið um slysasleppingar en áður var talið.

Starfshópur matvælaráðherra gaf út í maí 2023 [Skýrslu starfshóps um strok í sjókvíaelði](#) og þar komu fram margar góðar tillögur til að draga úr líkum á slysasleppingum og jafnvel fjarlægja eldislax úr veiðiám.

Það var tímaspursmál hvenær slysaleppinn ætti sér stað, sambærilegri þeirri í Patreksfirði í ágúst 2023. Um þetta leiti birti höfundur leiðbeiningar fyrir fjölmiðla undir heitinu [Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi](#) og um miðjan september aðrar leiðbeiningar [Fjarlægja eldislaxa úr veiðiám – Ferli málsins](#).

Það var ánægjulegt að farið var í fjölmargar veiðiár og sjáanlegur eldislax fjarlægður eftir slysaleppinguna í Patreksfirði. Jafnframt er ánægjulegt að í nýju [lagafrumvarpi um lagareldi](#) er að einhverju leiti tekið undir tillögur [matsskýrslu Háafells](#) er varðar mótvægisáðgerðir til að lágmarka líkur á erfðablöndum. Höfundur kom sem ráðgefandi aðili að umhverfismati Háafells.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Snemma á árinu 2023 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna [Sjókvíaelði – Lagaframkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit](#), sem tekur undir marga af því sem höfundur hefur verið að benda á og gagnrýna undanfarin ár og hefði því fátt átt að koma á

óvart.

Höfundur kom inn á skýrslu Ríkisendurskoðunar í greininni [Lög um fiskeldi og nýja leyfisveitingakerfið](#) fyrir birtingu hennar og í greininni [Skýrsla Ríkisendurskoðunar, þöggunin og beiðni um opinbera rannsókn](#) eftir birtingu og einnig í öðrum greinum sem birtust á árinu. Skýrsla Ríkisendurskoðunar vakti töluverða athygli og umtal og er gott innlegg í endurskoðun á umhverfi sjókvíaelði á laxi hér á landi.

Jafnframt var gefin út [Skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi](#) á vegum matvælaráðherra. Skýrslan gerir ítarlega úttekt á stöðu lagareldis á Íslandi ásamt og áskorunum greinarinnar. Skýrslan er að mörgu leiti söluskýrsla um framtíðarmöguleika greinarinnar og hefði verið skynsamara að hún hefði verið með högværari væntingum. Niðurstöður skýrslunnar mun þó nýtast við stefnumótun lagareldis á Íslandi til framtíðar.

Stefnumótun og frumvarp um lagareldi

Þann 4. október 2023 [kynnti Matvælaráðuneytið](#) stefnumótun fyrir lagareldi. Hér er um að ræða mun faglegri og heiðarlegri vinnu en í tilfelli skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá 2017. Margt er til bóta í nýrri stefnumótun en allnokkrar athugasendur eru þó gerðar við stefnumótunina í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu](#) og við umsögn í skýrslunni [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040 – Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.](#) Nýtt frumvarp um lagareldi var [kynnt af Matvælaráðuneytinu](#) þann 6. desember og er nú



[Sækja hér](#)

unnið að umsögn. Gert er ráð fyrir að fyrrihluti ársins 2024 fari vinnan að stórum hluta í gerð umsagna við lagafrumvarp um lagareldi sem matvælaráðherra stefnir að leggja fram á Alþingi Íslendinga á vorþingi.

Rannsóknaskýrslur

Vegna fjölmargra annarra verkefna á árinu 2023 kláraðist aðeins ein rannsóknaskýrsla eða [Strandbúnaðarmálið og þöggunin](#). Þegar stigið er fram og spilling er gagnrýnd má ávallt gera ráð fyrir að reynt sé að þagga niður þann málflutning. Strandbúnaðarmálið er líttill hluti af því og í



[Sækja hér](#)



Ríkisendurskoðun gaf út á árinu skýrsluna Sjúkvíaeldi. Laga framkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit. Skýrslan vakt töluvert umtal og er hægt að sækja eintak af henni [HÉR](#).

rannsóknaskýrslunni er ferli málsins rakið.

Unnið var að skrifum á rannsóknaskýrslunni Áhættumat erfðablöndunar, tillögur, gagnrýnin og staðan sem stóð til að birta á árinu 2023. Eins og fram kemur hér að framan hefur birtingu verið frestað fram yfir loka vorþings Alþingis 2024.

Nú er einnig unnið að



Starfshópur um strok eldislaxa sem matvælaráðherra skipaði í skilaði af sér 24 tillögum sem ætlað er að draga úr líkum á stroki eldislaxa. Skýrsluna er hægt að sækja [HÉR](#).

rannsóknaskýrslunni Lög um fiskeldi - Lögjafarvaldið og stjórnsýslan sem tekur fyrir tímabilið frá því að skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun fiskeldi var gefin út í ágúst 2017 til þess árs sem rannsóknaskýrslan verður gefin út.

Jafnframt verða unnar fleiri rannsóknaskýrslum, sumar fengið nafn en aðrar ekki (sjá mynd á bls. 5).

Opinber rannsókn

Nokkrum sinnum hefur verið farið fram á að gerð verði opinber rannsókn á þeim vinnubrögðum sem viðgengust við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Á árinu 2023 var [beiðni send til forsætisráðherra](#) um opinbera rannsókn án þess að viðbrögð fengjust. Tveir fjölmiðlar fjölluðu um málið, [Mannlíf](#) og [Fiskifréttir](#).

Það hefur átt sér stað jákvæð þróun og hafa ráðneyti og stofnanir verið að taka á fjölmörgum málum, en ekki á spillingunni sem hefur verið einkennandi í þessu máli. Það mun aftur á móti vinna höfundar í Samfélagsverkefni gegn spillingu m.a. taka fyrir. Markmið með vinnu höfundar er fyrst og fremst að:

- Upplýsa um vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og á einum stað verði að finna hnitmiðaða og aðgengilega samantekt í formi bókar sem undirbyggt verður á fjölda rannsóknaskýrslna.
- Gerð verði opinber rannsókn á þeirri spillingu sem viðgengist hefur í málinu og í framhaldinu að stjórnsýslan og vinnubrögðin verði betrumbætt til að koma í veg fyrir endurtekningu.

Þegar líða tekur á rannsóknina verður metið hvort farið verður út í aðrar aðgerðir, s.s. lagt mat á það hvort eigi að vísa málinu til [lögreglu](#). Gert er

Starfshópur um smitvarnir í sjúkvíaeldi

Matvælaráðherra skipaði [starfshóp um smitvarnir í sjúkvíaeldi](#). Hlutverk hópsins var að meta núverandi regluverk, þ.m.t sem viðhöfð eru þegar smitsjúkdómar koma upp, ásamt því að bera saman smitvarnir og löggjöf í öðrum löndum. [Tillögur starfshópsins](#) voru kynntar þann 9. febrúar 2023 án þess að fram kæmi efnislega hverjar tillögurnar voru í reynd. Jafnframt hefur ekki verið gefið út skýrsla eða minnispunktar af niðurstöðu starfshópsins. Af einhverjum ástæðum voru mun ítarlegri upplýsingar um tillögur starfshópsins í [Morgunblaðinu](#) en í fréttatilkynningu matvælaráðuneytisins.

råd fyrir að vinna höfundar við Samfélagsverkefni gegn spillingu taki jafnvel nokkur ár. Framlag höfundar mun að lágmarki vera að upplýsa um vinnubrögðin við undirbúning og gerða laga um fiskeldi sem verða síðan aðgengileg öllum þeim sem vilja kynna sér málið á næstu árum og áratugum.

Leiðbeiningar með viðaukum

[Beiðni um úttekt/rannsókn](#)

[Kallað eftir gögnum](#)

[Greinar í blöð](#)

[Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla](#)


[Nýjar kynningaleiðir](#)

[Umsagnir](#)

[Óskað eftir aðstoð](#)

[Rannsóknaskýrslur](#)

Viðauki 1. Verkefni á árinu 2019




Viðauki 2. Verkefni á árinu 2020



Viðauki 3. Verkfni á árinu 2021



Viðauki 4. Verkefni á árinu 2022



Viðauki 5. Verkefni á árnun 2023

